

leggja útsvar til þess sveitarfélags, þar er þau eru rekin, ef þau eru rekin þar að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, en í málinu er enginn árgeiningur um það, að þau hafi verið rekin nægilega langan tíma í Skefilsstaðahreppi hið umrædda ár. Samkvæmt þessu hafði hreppsnefndin í Skefilsstaðahreppi rjett til að leggja sveitarútsvar á greindan atvinnurekstur áfrýjanda, og með því að hinum áfrýjaða úrskurði og lögtaksgjörð eigi verður hrundið af öðrum ástæðum, ber að staðfesta úrskurðinn og gjörðina. Áfrýjandinn greiði hinni stefndu hreppsnefnd 15 kr. sem málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hennar fyrir yfirdómi. Það vottast, að málsvörnin við yfirdóminn hefur verið vítalau.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð á að vera óraskað. Áfrýjandinn, kaupmaður V. Claessen, greiði hinni stefndu, hreppsnefndinni í Skefilsstaðahreppi, 15 kr. sem málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og greiðist málflutningslaunin innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 43/1893:

Sigríður Eggerz

gegn

skiptaráðandanum í dánarbúi manns hennar heitins P. F. Eggerz, bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

D ó m u r:

Á skiptafundi í dánarbúi fyrrum kaupmanns P. F.

Eggerz, sem haldinn var af skiptarjetti Reykjavíkur hinn 27. maímán. f. á., var meðal annars ákveðið, að bjóða skyldi upp á opinberu uppboði eign búans $\frac{3}{4}$ hluta Akureyja í Dalasýslu »sem óbundna eign þess og án allra kvaða eða eignarbanda«. Samkvæmt þessari skiptafundarályktun krafðist skiptaráðandinn þess, að sýslumaðurinn í Dalasýslu, þar sem eignin liggur, seldi hana á opinberu uppboðsþingi. Voru síðan haldin 3 uppboð á eigninni, hinn 5., 12., og 19. júlímánaðar f. á., en á þriðja uppboðsþinginu hinn 19. júlímánaðar f. á. kom aðaláfrýjandinn, frú Sigríður Eggerz, ekkja eptir Pjetur heitinn Eggerz, auk annara fram með mótmæli gegn sölunni, nema með því móti að henni væri áskilinn lífstíðarábúðarrjettur á þessum parti Akureyja-anna, er hún tjáði að rjettur umráðamaður þessa jarðarparts, sjera Friðrik Eggerz í Hvalgröfum, hefði heimilað sjer með byggingarbrjefi, útgefnu 16. desembermán. 1892. Um mótmæli þessi uppkvað uppboðsrjetturinn úrskurð hinn 20. júlí f. á. á þá leið, að krafa frú Sigríðar Guðmundsdóttur (Eggerz) yrði eigi til greina tekin, að því er snerti hin veðsettu $68\frac{3}{4}$ hndr. úr Akureyjum, en að því er snerti 2,905 hndr., þá skyldu þau seljast með því hapti, að hún hafi ábúðarrjett á þeim, meðan byggjandinn sjera Friðrik lifir, fyrir til-
tölulegt afgangi við það, sem ákveðið er í byggingarbrjefinu 16. desembermán. 1892, en við dauða hans (sjera Friðriks) taki kaupandi þau til fullra umráða. Þessum úrskurði hefur frú Sigríður Eggerz áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. sept. f. á., og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur, að ábúðarrjettur hennar á hinum umræddu $\frac{3}{4}$ hlutum Akureyja verði samkvæmt byggingarbrjefinu 16. desember 1892

dæmdur góður og gildur og að henni verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust eða eptir mati dómsins. Loks hefur málsfærslumaður hennar krafizt þess, að umboðsmaður mótpartsins verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt. Á hinn bóginn hefur bæjarfógeti Halldór Daníelsson sem skiptaráðandi í dánarbúi P. F. Eggerz gagnáfrýjað hinum tilgreinda úrskurði uppboðsrjettarins frá 20. júlí f. á. og krafizt þess, að ábúðarrjettur aðaláfrýjanda verði dæmdur með öllu ógildur þegar í stað, að því er snertir eign búsins í Akureyjum, og til vara, að ábúðarrjettur hennar verði að eins dæmdur gildur til dauða sjera Friðriks Eggerz, að gagnáfrýjandi verði sýknaður af öllum kærum og kröfum aðaláfrýjanda, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað með nægilegri upphæð.

Hinn 14. sept. 1866 afhenti sjera Friðrik Eggerz syni sínum, kaupmanni Pjetri Eggerz, allar Akureyjar í Dalasýslu í skiptum fyrir $\frac{1}{8}$ hluta í Staðarhólseign í sömu sýslu, og 1150 rdala milligjöf; um afsalið á Akureyjum inniheldur makaskiptabrjefið þau nánari ákvæði, »að presturinn sjera Friðrik Eggerz hafi öll byggingarumráð og allt afgjald og arð af fyrnefndri jörð Akureyjum meðan hann lifir, en nefndur kaupmaður Pjetur Friðriksson Eggerz þaðan í frá sem fullkominn eigandi þeirra«; sömuleiðis er áskilið, að nefndar eyjar falli til afkomenda kaupmanns Pjeturs að honum fráfallnum, og því má hann hvorki afsala sjer eða afhenda þær nje pantsetja til annara fjærskyldari, nema hann hafi áður þar til fengið leyfi föður síns» o. s. frv. Þetta makaskiptabrjef var þinglesið við forum rei sitæ hinn 28. maí 1868. Í framhalds- eða; viðaukabrjefi, útgefnu 12. ágústmán. 1876 lýsir sjera Friðrik Eggerz því yfir, með

tilliti til þessara makaskipta, að hann hjer með ítreki, »að makaskipti þessi og sala voru meðal annars, er jeg (sjera Friðrik) þá áskildi, af mjer gjörð með þeim útþrykilega skilmála, að nefndar Akureyjar með þar standandi húsum, gögnum og gæðum, má Pjetur hvorki afsala sjer eða afhenda nje pantsetja, eða þær komast með nokkru móti á vald eða umráð skyldra eða vandalausra að mjer lifandi eða dauðum annara en einhverra af hans afkomendum, og tekur hann þá eyjarnar frá mínu dánardægri með öllum þeim gögnum og gæðum og húsum, er þá á þeim finnast, í sitt fullkomið eignarhald« o. s. frv. Þetta viðaukabrjef, er Pjetur Eggerz einnig samþykkti, var þinglesið við varnarþing jarðarinnar Akureyja, 28. maí 1878. Það er komið fram í málinu, að Pjetur heitinn Eggerz hafði með samþykki sjera Friðriks föður síns gefið konu sinni, aðaláfrýjandanum, áður en hann ljezt, einn fjórðung í Akureyjum, og voru því að eins $\frac{3}{4}$ hlutar eyjanna taldir eign dánarbús hans. Pjetur Eggerz bjó sjálfur á Akureyjum, þegar hann ljezt 5. apríl 1892, en þá var bú hans tekið til opinberrar skipta meðferðar. Ekkja hans, aðaláfrýjandinn, hjelt svo áfram ábúð á jörðinni næsta fardagaár eptir lát Pjeturs, en hinn 16. desembermán. 1892 byggir sjera Friðrik Eggerz henni $\frac{3}{4}$ hluta Akureyjanna æfilangt (»alla hennar lífstíð«) með ákveðnum leigumála, og eru það þessi byggingarráð, sem gagnáfrýjandi vill fá gerð ógild gagnvart dánarbúi Pjeturs heitins Eggerz.

Eins og mál þetta liggur fyrir yfirdóminum, er engin vefenging á því fram komin, að dánarbú Pjeturs heitins Eggerz sje rjettur eigandi að $\frac{3}{4}$ í Akureyjum samkvæmt fyrgreindum makaskiptagjörningi 14. sept. 1866 og viðbótarskjalinu 12. ágúst 1876, en spurningin,

sem undir dóm er lögð, er að eins um það, hvort aðal-
 áfrýjandinn hafi með byggingarbrjefi tengdaföður síns,
 sjera Friðriks Eggerz, 16. desbr. 1892, öðlazzt lífstíðar-
 ábúð á jarðarhlutanum, er taka bar tillit til við sölu þá
 á honum, er gagnáfrýjandi krafðist, en úrlausn þeirrar
 spurningar er komin undir því, hvernig skilja ber á-
 kvæðið í makaskiptabrjefinu 14. sept. 1866 um bygg-
 ingarumráð sjera Friðriks yfir jörðinni. Þetta ákvæði
 virðist nú óheimilt að skilja svo, að með því hafi sjera
 Friðriki verið áskilin byggingarumráð yfir jörðinni fyrir
 lengri tíma en lífstíð hans, eins og honum var að eins
 áskilið eptirgjald og arður af jörðinni meðan hann lifði,
 og þar sem hann hefur með áðurnefndu byggingarbrjefi
 16. desbr. 1892 skilyrðislaust byggt aðaláfrýjanda jörð-
 ina um lífstíð hennar eða svo lengi sem hún vildi og
 gæti notað þá ábúð, og það enda, eptir því sem fram
 hefur komið í málinu, með svo vægum kjörum, að fjarri
 þykja öllum sanni, þá hefur hann þar með farið lengra
 en rjettur hans var til, og er byggingarbrjefið ógilt að
 því leyti. Það verður þannig að álíta, að byggingar-
 brjefið 16. desbr. 1892 heimili aðaláfrýjanda ábúð á $\frac{3}{4}$
 Akureyja eigi lengur en sjera Friðrik Eggerz lifir, og
 þar sem aðalkrafa gagnáfrýjanda, sem er byggð á því,
 að hjer umrætt ákvæði í skjalinu 14. sept. 1866 sje
 fallið burtu við dauða Pjeturs heitins Eggerz, verður
 eigi álitin eiga við rök að styðjast, ber þá að fara eptir
 varakröfu hans, en samkvæmt henni ber að breyta hin-
 um áfrýjaði úrskurði svo, að aðaláfrýjandi eigi rjett til
 að halda ábúðarrjetti á $\frac{3}{4}$ Akureyja samkvæmt bygg-
 ingarbrjefinu 16. desbr. 1892 þrátt fyrir söluna, en eigi
 lengur en meðan sjera Friðrik Eggerz lifir. Málskostn-
 aður þykir eptir atvikum eiga að falla niður, og eigi er

nein ástæða til að sekta málsfærslumann gagnáfrýjanda fyrir ósæmilegan rithátt, eins og málsfærslumaður aðaláfrýjanda hefur heimtað.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður skal úr gildi felldur og uppboðsráðandi skyldur til samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda að bjóða upp á ný $\frac{3}{4}$ hluta Akureyja, en þannig, að aðaláfrýjandi haldi ábúðarrjetti á jarðarpartinum öllum samkvæmt byggingarbrjefinu 16. desbr. 1892, þó eigi lengur en byggjandinn sjera Friðrik Eggerz lifir. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 9. aprílmánaðar.

Nr. 31/1893:

Skapti Jósefsson

gegn

Einari Thorlacius sýslumanni.

D ó m u r :

Í 13. tölublaði af öðrum árgangi blaðsins »Austra«, sem kom út á Seyðisfirði 20. maímán. 1892, stóð meðal annars nafnlaus grein með yfirskript: »(Aðsent). Nýfundid' brot úr dómaraþóki«, og með athugasemd aptan við greinina svo hljóðandi: »Fundid á hálfeyjgunni Sínaí af Georg Ebers við rannsókn hans þar«. Með því að amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu þótti grein þessi innihalda meiðandi og vanvirðandi ummæli um hinn stefnda, sýslumann í Norðurmúla-